



Stefán Snær Konráðsson
Friðrik Einarsson
Pórdís L. Gísladóttir

Reykjavík, 15. september 2016

Efni: Skipunarbréf í vinnuhóp ÍSí um endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSí

Þann 28. júlí sl. var undirritaður samningur á milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands um stóraukið framlag til afreksíþróttastarfs. Með undirritun mun fjárframlag á fjárlögum til afreksíþróttastarfs fjórfaldast á næstu þremur árum. Í ljósi þess að framlag til afreksíþróttastarfs stóreykst þá er nauðsynlegt endurskoða og móta hvernig þetta viðbótarfjármagn verði best nýtt til þess að bæta umhverfi afreksíþróttá á Íslandi með það að markmiði að efla íþróttalegan árangur Íslands. Með bréfi þessu tilkynnist að Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur skipað ofangreinda aðila í vinnuhóp til að vinna að þessu verkefni.

Til að ná því markmiði þarf vinnuhópurinn að yfirfara úthlutunarreglur Afrekssjóðs ÍSí, m.a. 4. gr., 5. gr., 9. gr. og 11. gr., auk þess að skoða hvaða viðbætur og breytingar þarf að gera í samræmi við þær upplýsingar sem vinnuhópurinn aflar á meðan á starfi hans stendur.

Mikilvægt er að hafa víðtækt samráð við aðila sem koma að afreksíþróttamálum erlendis til að fá ferska sýn inn í íslenskt afreksstarf og læra af reynslu annarra. Í því skyni þarf að leita samstarfs við innlenda og erlenda sérfræðinga til ráðgjafar um það hvernig best skuli standa að þessu verkefni og nýta þá þekkingu og reynslu sem þeir hafa af afreksíþróttastarfi erlendis. Einnig skal haft samráð við íþróttahreyfinguna á Íslandi og þá sérstaklega framkvæmdastjórn ÍSí, sérsambönd ÍSí, Afreks- og Ólympíusvið ÍSí og stjórn Afrekssjóðs ÍSí.

Vinnuhópurinn skal hafa til hliðsjónar Afrekisstefnu ÍSí, Reglugerð um Afrekssjóð ÍSí og skýrslu sem ber heitið „Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs á Íslandi“.

Vinnuhópurinn skal kynna áfangaskýrslu á formannafundi ÍSí þann 11. nóvember n.k. og skila lokaskýrslu ásamt tillögum til framkvæmdastjórnar ÍSí ekki síðar en 1. mars 2017.

Formaður vinnuhópsins er Stefán Snær Konráðsson. Starfsmaður vinnuhópsins er Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí.

Virðingarfyllst, ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Lárus L. Blöndal
forseti

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri